Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
26. ágúst 2010
34. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Orkusteinn
í hjarta Ísafjarðar
Mikið úrval af fallegri gjafavöru fyrir öll tækifæri
Orkusteinn ehf
Sími: 456 2323 · Fax: 456 2324
www.orkusteinn.com
www.orkusteinn.is

Hefur lifað tímana tvenna

Eftir að hafa lifað hátt í heila öld hefur Guðný Kristjana Samúelsdóttir upplifað ýmsar breytingar og framfarir á ýmsum sviðum. Í miðopnu rifjar Kristjana upp ýmislegt frá sinni löngu ævi, allt frá heimstyrjöld til komu rafmagnseldavéla, verslunarmenningu á Ísafirði og skemmtanalíf á miðri síðustu öld.



Ísfirðingurinn Biggibix tróð upp ásamt Halldóri Gunnari Pálssyni og Helgu Margréti Marzellíusardóttur.

Vestfirðir vöktu athygli

Ferðamálstofa og markaðsstofur landshlutanna tóku í fyrsta skipti sameiginlega þátt í Menningarnótt sem haldin var í Reykjavík um helgina. Markaðstofa Vestfjarða tók þátt í kynningu sem fram fór í Íslandstjaldinu svokallaða og var einn af meginpunktum hátíðarinnar. Markaðsstofur landshlutana kynntu þar haust- og vetrardagskrána á sínu svæði. „Þetta var mjög skemmtilegt. Við lögðum áherslu á veislu að vestan og buðum upp á reyktan rauðmaga frá Patreksfirði og harðfisk frá Flateyri og vakti það mikla lukku. Við fengum einnig bolvíska refi með okkur í lið og einn lunda. Það var mesta traffíkin í básinn okkar þar sem við vorum með eitthvað áþreifanlegt, bæði til að smakka og skoða," segir Kristjana Milla Snorradóttir sem var ein þeirra sem stóð vaktina hjá Markaðsstofu Vestfjarða.

„Punkturinn yfir i-ið var síðan tónlistarmaðurinn Biggibix sem spilaði þrisvar sinnum yfir daginn. Sara Vilbergsdóttir, listmálari tók þátt í að mála málverk á staðnum fyrir hönd Vestfjarða en þar málaði einn listamaður frá hverjum landshluta á verk sem var síðan afhjúpað á staðnum. Það var stöðugur straumur af fólki þrátt fyrir kulda og sýndu margir matnum og dýrunum okkar mikinn áhuga," segir Kristjana Milla. Þess má geta að Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík setti hátíðina í tjaldinu og var henni einnig slitið þar um kvöldið.

Vestfirðir vöktu athygli margra í Íslandstjaldinu á Menningarnótt. Hér fræðir Kristjana Milla Snorradóttir einn gesta um Vestfirði.

Ryðbrúnar berjabrekkur

Nokkuð hefur borið á því á Vestfjörðum og reyndar víðar um landið að berjabrekkur séu brúnar að sjá. Þrátt fyrir að þurrkar hafi verið miklir á landinu er ekki hægt að kenna þeim um ryðbrúna litinn heldur er sökudólgurinn líklega að mestu lirfa fiðrildisins birkifetans. Þessar skemmdir eru í fæstum tilfellum varanlegar að því er fram kemur á vef Náttúrustofu Vestfjarða en plágan gæti herjað á sama stað árið eftir þar sem lirfan púpar sig og lifir þannig af veturinn og vaknar sem fiðrildi að vori. Hart frost á auða jörð gæti slegið nokkuð á stofninn.

„Lirfan lifir á laufi og étur aðallega birki en einnig bláberja- og aðalbláberjalyng. Hann étur alla blaðgrænu úr laufinu en eftir verður æðvefur sem er ryðbrúnn. Berin geta náð að þroskast áður en lirfan kemur. Lirfurnar éta yfirleitt ekki berin. En þessi plága hefur góða hlið þar sem mófuglar komast í feitt þar sem lirfurnar eru," segir á vef Náttúrustofu Vestfjarða. *– kristjan@bb.is*

Bjóða aðstoð vegna myntkörfulána

Félagsmönnum í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga býðst nú að leita til lögfræðinga félagsins til að fá úr því skorið hvort myntkörfulán sem þeir kunna að hafa tekið, gætu verið ólögmæt samkvæmt úrskurði Hæstaréttar. Það eina sem félagsmenn þurfa að gera er að koma upprunalegum lánasamningi og einum greiðsluseðli til félagsins en það mun síðan sjá um koma gögnum til lögfræðinga félagsins sem munu finna út hver staðan er og veita ráðgjöf um framhaldið.

Fram kemur á vef VerkVest að þjónusta þessi sé félagsmönnum að kostnaðarlausu. Ef hinsvegar kemur í ljós að viðkomandi lán teljist ólögleg og við taki frekari vinna lögfræðinga við hagsmunagæslu gagnvart bönkum eða fjármálafyrirtækjum yrði eingöngu greidd þóknun á sömu kjörum og félagsmenn njóta hverju sinni.

– kristjan@bb.is

Skoðar aðstæður hjá PSV

Bolvíkingurinn Jón Guðni Fjóluson, leikmaður Fram knattspyrnu, fór fyrir stuttu til Hollands til að skoða aðstæður hjá knattspyrnuliðinu PSV Eindhoven. Jón Guðni er ættaður frá Bolungarvík að því er fram kemur á vefnum vikari.is. Hann er sonur Fjólu Halldóru Jónsdóttur, dóttur Jóns Guðna Pétursson skipstjóra og Esterar Hallgrímsdóttur.

Jón Guðni hefur verið frábær með Fram í sumar og átt marga góða leiki og hefur skorað þrjú mörk í þeim 15 leikjum sem hann hefur spilað. Hann er afar fjölhæfur leikmaður og getur bæði leikið sem miðjumaður og miðvörður. Hann var í U21 árs landsliðinu sem vann frábæran sigur á Þjóðverjum á dögunum en hann og Hólmar Örn Eyjólfsson mynda afar sterkt miðvarðapar þar.

Hefur sótt um einkaleyfi víða um heim

Guðmundur F. Sigurjónsson, stjórnarformaður Kerecis, segir að þróunarferlinu sé um það bil að ljúka og við taki prófunar- og skráningarferli sem taki eitt ár. Fyrirtækið hefur í um þrjú ár unnið að rannsóknum og vöruþróun á lækningavörur úr þorskpróteini. „Við fáum þorskroð úr eldisþorski sem eru í kvíum útgerðarfyrirtækisins Gunnvarar á Súðavík og framleiðum úr roðinu prótein, sem er svo unnið áfram í stoðefni. Helsti kosturinn við eldisþorskinn er að rekjanleikinn mjög svo einfaldur. Einnig er breytileiki próteinanna minni í eldisþorski en í villtum þorski er próteinsamsetningin mismunandi eftir árstíðum," segir Guðmundur í samtali við Útvegsblaðið.

Guðmundur segir að vinnan við rannsóknir og vöruþróun hafi gengið vel til þessa, enda hafi verið vandað til verka. Vöruþróunin fari að mestu fram á eigin rannsóknarstofu á Ísafirði en hluti fari fram hjá Matís sem búi yfir mikilli þekkingu og góðum tækjakosti. „Við búumst við að framleiðsla hefjist á næsta ári og stefnum að því að framleiðsla stoðefnisins fari fram á Ísafirði og þá mögulega í samvinnu við Gunnvöru. Við höfum sótt um einkaleyfi á vörunni í nokkrum löndum. Hugsanlegir kaupendur hafa verið mjög jákvæðir, þannig að eins og staðan er í dag getum við leyft okkur að vera bjartsýn á framtíðina," segir Guðmundur í Útvegsblaðinu.

Markaðurinn fyrir lækningavörur sé gríðarlega stór og samkeppnin eftir því hörð. Fólk sem er með þrálát sár sem ekki tekst að lækna getur misst útlimi. Þetta á meðal annars við um fólk með sykursýki eða æðahrörnunarsjúkdóma. „Við ætlum okkur að fara rólega af stað. Allar rannsóknir og prófanir hafa til þessa lofað góðu og hráefnið til framleiðslunnar er fyrsta flokks. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur nýverið keypt um þriðjungs hlut í Kerecis sem er ákveðin viðurkenning á okkar starfi. Auk þess er skemmtilegt að þróa vöru úr hráefni sem annars væri líklega hent," segir Guðmundur F. Sigurjónsson stjórnarformaður Kerecis. Frá þessu var sagt í Útvegsblaðinu. *– thelma@bb.is*

SpKef Sparisjóður byggir á gamalli hefð en horfir til framtíðar, til hagsbóta fyrir það samfélag sem hann starfar í. Hjá Sparisjóðnum starfar öflugur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

SPARISJÓÐURINN

Sparisjóðsstjóri

Staða sparisjóðsstjóra SpKef Sparisjóðs er laus til umsóknar.

Við leitum að framsæknum og metnaðarfullum sparisjóðsstjóra til þess að veita öflugri bankaþjónustu forystu

Starfs- og ábyrgðarsvið:

Sparisjóðsstjóri er æðsti stjórnandi sparisjóðsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri hans. Sparisjóðsstjóri skal taka þátt í að móta stefnu sparisjóðsins í samvinnu við stjórn og sjá til þess að settum markmiðum sé náð. Hann vinnur náið með stjórn að áætlanagerð og markvissri eftirfylgni hennar. Einnig ber honum að tryggja að viðhafðir séu góðir stjórnarhættir og að fagmennska, gegnsæi og hlutlægni ríki í þjónustu við viðskiptavini. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á útlána- og fjárfestingarákvörðunum samkvæmt innri reglum sjóðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Ótvíræðir leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking og reynsla á fjármálamarkaði og starfsemi fjármálafyrirtækja
- Skipulagsfærni og greiningarhæfni
- Góð tök á samningatækni
- Gott vald á íslensku og ensku

Markaðsstjóri Sparisjóðsins

Staða markaðsstjóra SpKef sparisjóðs er laus til umsóknar. Við leitum að metnaðarfullum og framsæknum vöruþróunar- og markaðsstjóra til að ganga til liðs við þann góða hóp sem nú starfar í sparisjóðnum. Við horfum til framtíðar til hagsbóta fyrir það samfélag sem við störfum í.

Vöruþróunar- og markaðsstjóri Sparisjóðsins heyrir undir sparisjóðsstjóra en vinnur náið með forstöðumönnum sjóðsins að vöruþróun og markaðsmálum. Markaðsstjóri setur fram og stýrir markaðsáætlunum og hefur umsjón með vöruþróun og markaðsherferðum sjóðsins. Markaðsstjóri ber ábyrgð á markaðsgreiningu, ímyndar- og kynningamálum sjóðsins, ásamt því að hafa umsjón með styrkveitingum hans til samfélagsins í samráði við sparisjóðsstjóra.

Við leitum að aðila sem hefur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mikla reynslu af vöruþróun- og markaðsmálum
- Þekkingu og reynslu af markaðssetningu fjármálafyrirtækja
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfni
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði og keppnisskap
- Gaman af lífinu og er fullur af framkvæmdagleði
- Gott vald á íslensku og ensku

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Upplýsingar veita Katrín S. Óladóttir (katrin@hagvangur.is) og Þórir Þorvarðarson (thorir@hagvangur.is).

Umsóknarfrestur er til og með 2. september 2010

HAGVANGUR

Komum skemmtiferðaskipa fjölgar

Rúmlega þrjátíu skemmtiferðaskip heimsækja Ísafjörð í sumar. Enn fleiri skip eru væntanleg næsta sumar en sum skemmtiferðaskip koma tvisvar til Ísafjarðar á sumri og önnur koma eingöngu við í Vigur en leggja ekki við Ísafjarðarhöfn. Mikið annríki hefur verið hjá þeim þjónustuaðilum sem koma á einn eða annan hátt að skipakomum í sumar en það er ferðaskrifstofan Vesturferðir á Ísafirði sem sér um að þjónusta og skipuleggja ferðir fyrir farþega skipanna.

Ísafjarðarhöfn er þriðja stærsta höfn landsins er kemur að móttöku skemmtiferða en fyrir sumarið höfðu aldrei fleiri skip boðað komu sína vestur á firði. Þau skip sem komið hafa það sem af er sumri og eiga eftir að koma eru öll mismunandi að stærð en stærsta skip sumarsins var Costa Magica sem kom um miðjan júní. Costa Magica er stærsta skipið sem komið hefur til Ísafjarðar en það er heil 102.587 brúttótonn að stærð og tekur að hámarki 3.470 farþega.

Guðmundur M. Kristjánsson er hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar en meðal verka hans er að fá erlend skipafélög til þess að heimsækja Ísafjarðarhöfn. Bæjarins besta sló á þráðinn og spurðist fyrir um sumarið og framtíðina.

– Hvernig hefur sumarið gengið hingað til?

„Þetta hefur bara gengið mjög vel. Það voru tvær afbókanir þar sem um er að ræða bilanir í skipum og þau komu ekki til Íslands. Að öðru leyti hefur sumarið gengið æðislega vel. Það kom þarna smá óveðurskafli en það hitti akkúrat þannig á að það kom ekkert skip á meðan. Það gekk allt upp í sambandi við móttöku á þessum skipum og ég veit ekki betur en allir sé ánægðir.“

– Er erfitt að að fá skemmtiferðaskip til að heimsækja Ísafjörð?

„Það er svolítið ferli. Við höfum tekið mjög markvisst þátt í alþjóðlegum kynningarráðstefnum síðustu ár. Þær eru tvær, annars vegar Evrópu–ráðstefna að hausti til og svo önnur í Miami í mars. Þegar Hermann heitinn Skúlason var hafnarstjóri var byrjað að taka þátt í þessum ráðstefnum og við höfum gert þetta mjög markvisst síðan.“

Guðmundur var kjörinn í stjórn Cruise Europe samtakanna á aðalfundi þeirra fyrr á árinu en Guðmundur er fulltrúi norðursvæðisins í stjórninni, þ.e. Íslands, Noregs og Færeyja, en hana skipa níu manns. Cruise Europe eru samtök 105 hafna í Vestur-, Norður- og Mið-Evrópu sem vinna saman að markaðssetningu fyrir skemmtiferðaskip. Af þeim 105 höfnum sem mynda samtökin eru fjórar á Íslandi. Guðmundur segir að það sé tekið eftir því að komum skemmtiferðaskipa hafi fjölgað hér.

„Sums staðar er þeim að fækka en það hefur verið stöðug aukning hjá okkur og við höfum alltaf náð að bæta við. Það getur hins vegar komið niðursveifla í þetta en kreppan virðist samt sem áður ekki hafa haft áhrif í þessu.“

Aðspurður um hvort að hann finni fyrir miklum áhuga skipafélaga á að koma hingað segir Guðmundur svo ekki vera.

„Það þarf að hafa fyrir þessu og það sem mér finnst skipta mestu máli í þessu eru persónuleg tengsl sem myndast á ráðstefnum og þess háttar. Maður kynnist fólki og því fólki sem er að sjá um þetta. Þegar maður fer alltaf ár eftir ár og hittir sama fólkið myndast ákveðin tengsl.“

– Hvernig lítur næsta sumar út?

„Það eru komnar 33 bókanir fyrir næsta sumar. Þannig er aukning frá því sem er núna en hins vegar virðist árið 2012 fara rólega af stað. Þetta er langhlaup og þetta byggist á því að vera sýnileg á þeim vettvangi þar sem allir eru. Þar eru allar þær hafnir sem eru að sækjast eftir að fá skemmtiferðaskip til sín.“

kristjan@bb.is

Íbúum fækkar á Vestfjörðum

Alls bjuggu 7.331 einstaklingur á Vestfjörðum 1. júlí síðastliðinn eða 114 færri en á sama tíma fyrir ári en þá bjuggu 7.445 einstaklingar í fjórðungnum. Nemur fækkunin um 1,5%. Vestfirðingar eru því aðeins 2,3% þjóðarinnar en heildarfjöldi íbúa landsins var 318.006 þann 1. júlí. Hafði þeim þá fækkað um 1.240 en þeir voru 319.246 þann 1. júlí í fyrra. Nemur fækkunin um 0,4%. Íbúum fækkar í öllun landshlutum nema á Norðurlandi en þar fjölgaði um 0,4% eða 103 einstaklinga.

Mest varð fækkunin á Suðurnesjum eða 1,6%. Þar á eftir koma Vestfirðir ásamt Suðurlandi þar sem fækkunin var 1,5%. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði íbúum um 248 á milli ára eða 0,1% en þar búa nú 63,3% þjóðarinnar. Mest munar um 533 einstaklinga fækkun í Reykjavík og um 172 í Hafnarfirði en í Kópavogi fjölgaði um 151 íbúa milli ára.

Þann 1. júlí 2010 voru sveitarfélög á landinu 76 talsins. Ein sameining sveitarfélaga hefur átt sér stað það sem af er árinu 2010. Þann 12. júní sameinuðust Arnarneshreppur og Hörgárbyggð. Nafn hins nýja sameinaða sveitarfélags er Hörgársveit og voru íbúar þess 598 þann 1. júlí 2010. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

– kristjan@bb.is

Fleiri börn en eldri borgarar

Tæplega þúsund Vestfirðingar eru eldri en 65 ára. Þar af eru 507 konur og 468 karlar. Langflestir Vestfirðingar eru á aldrinum 15-64 ára eða 4.893 samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. 1.494 eru 14 ára og yngri. Ef litið er til einstakra sveitarfélaga eru 509 af 3.899 íbúum Ísafjarðarbæjar eldri en 65 ára og 809 yngri en 15 ára. Í Bolungarvík voru 177 yngri en 15 ára og 113 eldri en 65 ára af 970 íbúum sveitarfélagsins.

Tæplega 1.500 íbúar Vestfjarða eru yngri en 15 ára.

Í Reykhólahreppi búa 291 íbúi og þar af eru 47 eldri en 65 ára og 62 börn. Af 299 íbúum Tálknafjarðarhrepps eru 35 eldri en 35 ára og 68 á aldrinum 0-14 ára. Í Vesturbyggð eru eldri borgarar 118 af 935 íbúum eru 168 börnin 168 talsins. Í Súðavíkurhreppi búa 202 manns og þar af 30 eldri en 65 ára og 46 yngri en 15 ára.

Í Árneshreppi eru eldri borgarar örlítið fleiri en börnin eða 10 af 50 íbúum hreppsins á móti sjö börnum. Í Kaldrananeshreppi búa 112 manns, þar af 11 eldri en 65 ára og 20 yngri en 15 ára. Í Bæjarhreppi búa 96 manns, þar af 17 eldri en 65 ára og 24 á aldrinum 0-14 ára. Í Strandabyggð búa 508 manns, 85 eru eldri en 65 ára og 113 yngri en 15 ára.

– thelma@bb.is

Telur að viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík þurfi ekki umhverfismat

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að viðbótin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að miðað við núverandi aðstæður muni fyrirhugað snjóflóðavarnarvirki hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa m.t.t. snjóflóðahættu í nágrenni við Völusteinsstræti. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif af framkvæmdinni verði helst sjónræn, einkum á framkvæmdatíma. Þau verði þó ekki veruleg í ljósi þess að garðurinn verður viðbót við umfangsmikið varnarvirki sem verið er að reisa við Bolungarvík.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar. Áður en sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi fyrir snjóflóðavörnunum þarf að liggja fyrir staðfest Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 og deiliskipulag fyrir varnarvirkin. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Bolungarvíkurkaupstaður og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og í matsskýrslu vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík árið 2007. Samkvæmt lögum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. september 2010.

– thelma@bb.is

Stofnun háskólanets nauðsynleg

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir samstarfsverkefni Háskólaseturs Vestfjarða og Háskólans á Akureyri um nám í haf- og strandsvæðastjórnun vera til fyrirmyndar varðandi stefnuna sem hefur verið tekin varðandi opinbera háskóla á Íslandi.

„Undanfarið ár hefur verið unnið að því hröðum höndum að mæta þeim aðsteðjandi vanda sem efnahagshrunið hefur haft í för með sér fyrir háskólakerfið hér á landi. Hvernig getum við mætt kröfum um niðurskurð í framlögum til háskóla en á sama tíma tryggt fyrsta flokks háskólamenntun fyrir alla landsmenn. Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins er stofnun nets opinberu háskólanna nauðsynleg til að standa vörð um fjölbreytt námsframboð og öflugar rannsóknir á sviðum sem veigamikil eru fyrir íslenskt samfélag,“ sagði Katrín í ræðu sinni við fyrstu útskrift nema með meistaragráðu í haf- og strandsvæðastjórnun á Hrafnseyri í Arnarfirði á þjóðhátíðardaginn.

Ráðherra benti á í ræðu sinni að háskólanet landsins er ekki bundið við háskólana eina heldur einnig hinar mörgu starfsstöðvar, hverju nafni þær nefnast, um allt land. „Háskólanetinu er meðal annar ætlað að tryggja á nútímalegan máta að það sem vel er gert í dag, geti dafnað og þrifist innan metnaðarfulls háskólaumhverfis framtíðarinnar. Háskólanetið er nefnilega ekki aðeins varnaraðgerð eða viðbrögð við niðurskurði heldur úthugsuð leið til að gera íslenskt háskólakerfi skilvirkara, metnaðarfyllra og nútímalegra. Samstarf, samvinna og skilvirkni eru kjörorð háskólanetsins. Samstarf Háskólaseturs Vestfjarða og Háskólans á Akureyri um meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun er í þeim anda.“

Námið hefst brátt á ný og er von á rúmlega tuttugu nýnemum sem hefja meistaranámið í haust. Þá mun einnig stór hluti nemenda dvelja á Ísafirði í haust til að vinna að meistaraprófsritgerðum.

Íbúar í næsta nágrenni við Kampa eru orðnir þreyttir á ástandinu.

Mengun af rækjuúrgangi og viðurstyggileg fýla frá Kampa

Veruleg mengun er í Skutulsfirði af rækjuskel og úrgangi frá rækjuvinnslunni Kampa ehf. að Sindragötu 1 á Ísafirði ásamt illvígri fýlu. Annars vegar kemur mengunin beint úr frárennsli vinnslunnar og hins vegar er fullyrt að rækjuskel sé sturtað í sjóinn af Hnífsdalsbryggju. Finnur Magnússon sem búsettur er við Sundstræti ekki langt frá rækjuvinnslu Kampa segir að lyktin sé alveg óbærileg og hafi verið það undanfarið. „Ég meira að segja vaknaði við þessa fýlu eina nóttina. Ég hef verið að ræða við fólk hérna í kring og það eru allir sammála um að það sé ekki hægt að búa við þetta til lengdar.“ Annar íbúi við Sundstræti segir að rækjuskel frá vinnslunni sé þar í fjörunni. „Það er ferleg pest af þessu enda er þetta að rotna í fjörunni.“

„Í víkinni hér fyrir innan höfum við iðulega séð rækjuskel, til dæmis núna í vikunni. Það leynir sér ekki neitt. Við höfum heyrt að þeir sturti hér fram af bryggjunni. Við höfum ekki orðið vör við eins mikið af þessu og núna kringum síðustu helgi“, segir starfsmaður hjá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru við Hnífsdalsbryggju. Kajakræðari sem fór út á fjörð fyrir nokkrum dögum kveðst hafa fengið ósómann framan í sig í pusinu.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða könnuðust menn ekki við neinar kvartanir eða ábendingar vegna þessa máls núna undanfarið og vissu ekki til þess að málið væri þar á borðum. Hins vegar segir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ að hann hafi fyrr í sumar komið persónulegri ábendingu til eftirlitsins um mikla rækjuskel í fjörunni og vonda lykt.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar, telur að mál sem þetta heyri fyrst og fremst undir heilbrigðiseftirlitið en ekki nefndina og hafi ekki komið til umfjöllunar hjá henni. „Það hefur enginn kvartað til okkar en þetta er hins vegar auðvitað mjög óheppilegt.“

– hlynur@bb.is

Spurningin

Kvíðir þú skammdeginu?

Alls svöruðu 413.
Já sögðu 80 eða 19%
Nei sögðu 333 eða 81%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Vestlæg eða breytileg átt. Væta um vestan- og norðanvert landið en annars úrkomulítið. Hiti 5-13 stig. **Horfur á laugardag:** Norðanátt og rigning um mest allt land. Hiti 5-12 stig, hlýjast sunnanlands. **Horfur á sunnudag:** Norðanátt og rigning norðan- og austanlands en annars skýjað með köflum. Hiti 5-14 stig, hlýjast sunnanlands.

Ritstjórnargrein

Hættum þrefinu

Bæjarins besta fagnaði samkomulaginu um yfirtöku sveitarfélaganna á málefnum fatlaðra á komandi ári. Vart leikur vafi á að niðurstaða málsins grundvallaðist á sátt samningsaðila um auka hlutdeild sveitarfélaga í skatttekjum, í formi útsvars. Þá hafði ákvæðið um endurmat á yfirfærslunni 2014 sitt að segja. Minnug grunnskólans á þar við hið fornkveðna að brent barn forðast eldinn.

Í þessu sambandi var haft eftir Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga: ,,Við höfum verið að koma á fjárhagsramma við erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu en við teljum okkur vera búin að ná lendingu. – Ég tel að þetta sé yfirfærsla á jafnræðisgrundvelli með hagsmuni skjólstæðinganna í huga.“ Engum blöðum er um að fletta að BB taldi þessi orð formanns samtaka sveitarfélaga boða aukinn skilning milli ríkis og sveitarfélaga um skiptingu þjóðarkökunnar. Land væri fyrir stafni. Vart er þó lendingu náð því fyrr í mánuðinum var haft eftir formanninum að of mikið þref í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga væri ríkjandi; jafnframt að þörf væri fyrir meiri aga í fjármálum sveitarfélaga og að því væri unnið í nýju frumvarpi, um breytingar á sveitarstjórnarlögum, sem lagt verður fram á haustþingi.

Fjármál sveitarfélaga hafa verið, eru og verða erfið. Síauknar kröfur um þjónustuhlutverk þeirra kalla á æ meira fjármagn, sem óhjákvæmilega dregur úr möguleikum til framkvæmda, sem engu síður kunna að vera nauðsynlegar. Þörfin fyrir nýjum og tryggum tekjustofnum brennur því hvað mest á flestum sveitarfélögum. Þak á heimild sveitarstjórna til að skuldsetja sveitarfélögin er eitt af því sem nú er til umræðu varðandi fjármál þeirra. Ekki er ólíklegt að til þessa verði horft fyrr en seinna með lagasetningu. Umdeilt mál, en segja má að til þess séu vítin að varast þau.

Bæjarins besta hefur ekki legið á þeirri skoðun sinni að lítið hafi farið fyrir sanngirni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hvað viðvíkur skiptingu skatttekna eftir að útsvar og og tekjuskattur runnu saman í einn skattstofn við innheimtu. Nægir í því sambandi að benda á þær afleiðingar sem flutningur grunnskólans hefur haft á fjárhag margra sveitarfélaga. Eflaust man einhver eftir kennaraverkfalli nokkru eftir að flutningur grunnskólans átti sér stað, og ,,framlagi“ ríkisvaldsins til lausnar þeirrar erfiðu deilu: Okkur kemur þetta ekkert við, þið hafið tekið við skólanum!

Vonandi er að þrefið, sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur réttilega vakið athygli á að ríkt hefur milli ríkis og bæja, fari að tilheyra fortíðinni.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Rækjuútgangurinn fer beint í sjóinn við verksmiðjuna.

Bolungarvík.

Ekkert dagforeldri starfandi í Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður hefur vakið athygli á því að ekkert dagforeldri er nú starfandi í bænum og hvetur áhugasama til að sækja um leyfi til dagvistunar í heimahúsi. Dagforeldrar hafa löngum brúað bilið á milli þess er fæðingarorlofi foreldra lýkur og þar til börn fá pláss á leikskóla. Skortur á starfandi dagforeldrum getur því skapað mjög erfiða stöðu hjá foreldrum ungra barna.

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi, en bæjaryfirvöld veita starfsleyfi og sinna lögbundnu eftirliti með starfseminni ásamt því að sjá um ráðgjöf og upplýsingar til dagforeldra og foreldra. Bolungarvíkurkaupstaður greiðir niður dvalargjald hjá dagforeldri.

Allar frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Guðnýju Hildi félagsmálastjóra á skrifstofu bæjarins segir í tilkynningu frá bæjaryfirvöldum.

Reynum að gera það besta úr hlutunum

„Við töluðum ekki við heilbrigðiseftirlitið en við töluðum við Ísafjarðarbæ áður en við hófum að losa rækjuskelina í Skutulsfirði og spurðum hvar við mættum losna við úrgang“, segir Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður rækjuvinnslunnar Kampa ehf. á Ísafirði. „Við fengum hins vegar ekkert svar, bara núll. Við vissum að allar aðrar rækjuverksmiðjur á landinu nema á Siglufirði losa úrganginn bara í sjóinn við verksmiðjurnar. Við vildum aftur á móti gera öllu betur og óskuðum eftir því að fá að setja þetta í sjóinn í Súgandafirði þar sem sjávarhreinsun er meiri. Við sáum síðan að Hnífsdalsbryggjan væri einna best en við vissum að við myndum aldrei fá neitt sérstakt leyfi hjá einum eða neinum til þess að losa þar. Í þetta sækir auðvitað fugl þegar verið er að sturta því. Við ákváðum að sturta þessu á kvöldin eftir vinnslu og vonuðumst til að út af Hnífsdalsbryggju væri nægilegur sjávarstraumur til að ekkert yrði úr þessu.

En við vitum að þetta er heljar vandamál. Það kom yfir okkur að geta ekki losnað við rækjuskelina til vinnslu í Bolungarvík eins og við höfum gert í þrjú ár. Það var eftir að bræðslan í Bolungarvík seldi hluta af tækjum sínum fyrr í sumar. Þá vorum við komnir á tveggja vakta kerfi og unnum langtum meira magn á hverjum degi en áður. Það var vegna fyrirfram gerðra samninga og áttum auk þess erfitt með að loka sextíu manna vinnustað og senda alla heim. Einhverja leið þurftum við að finna og þetta var leiðin, að koma þessu í sjóinn með sem minnstri andstöðu við nágrannana og umhverfið. Við vissum hins vegar að þetta yrði vandamál, jafnvel þó að þetta sé lífrænt efni alveg eins og þarinn í fjörunum. Í veðráttu eins og hefur verið að undanförnu er þetta alveg bölvað. Þetta myndar pest rétt eins og þarinn. Í miklum hitum er það ennþá verra. Við höfum verið vakandi og sofandi að reyna að gera sem allra best í þessari vondu stöðu.

Núna erum við að vona að

Bifreið frá Kampa losar rækjuúrgang í sjóinn við Hnífsdalsbryggju.

Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður Kampa.

þetta sé síðasti eða næstsíðasti dagurinn sem við þurfum að gera þetta. Verksmiðjan í Bolungarvík er að fara aftur í gang og vonandi getum við losnað við þetta í mjölframleiðslu þar.

Svo er hitt alveg annað mál, sem hefur verið miklu lengur á döfinni, að gera verðmæti úr þessum úrgangi, þessari vöru. Það er gífurlegt magn sem skolast bara með skolvatni frá hverri einustu rækjuverksmiðju. Það verkefni er í miðjum klíðum hjá okkur, skulum við segja, þó að það sé ekki alveg komið á framkvæmdastig, að gera verðmæti úr þessu sem hefur verið okkur til vandræða en gæti orðið til góða. Það felst í því að sía mjög vel frárennslið frá verksmiðjunni og reyna að ná úr því öllum efnum. Úr því yrði unnið fóðurefni. Það er einmitt verið að sækja á okkur á erlendum mörkuðum. Að minnsta kosti í Kína vilja menn fá þetta til vinnslu til manneldis. Mér skilst að þeir noti kraftinn úr þessu ásamt öðrum efnum til að búa til gervikrabbakjöt. Þeir eru komnir lengra í því að nýta svona efni heldur en við. Með sívaxandi þörf fyrir fæðu fyrir dýr og fólk erum við að gera ótrúlega vonda hluti með því að henda þessu bara í sjóinn.

Við erum á kafi í því að reyna að gera vel en aðstæður ráku okkur út í vond mál sem við höfum samt reynt að leysa eins vel og hægt er síðastliðinn mánuð“, segir Jón Guðbjartsson hjá Kampa ehf. á Ísafirði.

– hlynur@bb.is

Heppin á lífsleiðinni

Guðný Kristjana Samúelsdóttir hefur lifað tímana tvenna. Hún fæddist í Hattardal í Álftafirði árið 1918 og er því orðin 92 ára. Hún flutti til Ísafjarðar vorið 1924 og er enn búsett þar. Jana, eins og hún er betur þekkt, hefur upplifað stríðsár og kreppu sem lætur efnahagskreppu samtímans blikna í samanburði. Jana starfaði lengst af sem saumakona.

Bæjarins besta kíkti í heimsókn til Jönu og fékk hana til að rifja upp gamla tíma.

„Alla tíð þegar ég var spurð hvað ég ætlaði að verða þegar ég væri orðin stór svaraði ég að ég ætlaði að verða saumakona. Og það rættist. Ég byrjaði að læra að sauma hjá þýskri konu sem kenndi mér teikningu og handavinnu í Gagnfræðaskólanum. Svo hringdi systir mín sem bjó þá á Siglufirði og sagði að þar vantaði lærling hjá saumakonu, það varð úr að ég fór þangað. Þar var ég í tæpt ár og var þá útskrifuð. Á þeim tíma þurfti maður ekki að læra nema í sex mánuði til þess að mega sauma. Það breyttist allt þegar saumaskapur var gerður að iðngrein. Ég fékk fljótt sveinspróf eftir að þetta var komið í lög en ég hafði aldrei hugsað mér að taka meistaraprófið, en það mátti ég eftir tvö ár.

Ég hélt saumanámskeið fyrir hin og þessi félög en á þessum árum fékkst ekkert tilbúið. Konur þurftu að sauma allt á börnin sín, allt frá náttfötum til útifatnaðar. Það var ekki hægt að fá tilbúinn fatnað í búðum en það voru nokkrar taubúðir í bænum, til dæmis Soffíubúð, Dagsbrún og Karlsbúð. Það var því alltaf hægt að fá efni, og móðinsblöð, eins og þau voru kölluð, fengust í Bókhlöðunni og þar gat maður fylgst með tískunni. Þessi blöð voru flest á dönsku og það fylgdu engin snið með fötunum þegar ég byrjaði. Ég þurfti því að finna sjálf út úr því. Þessi námskeið voru ekki beint kennsla heldur hjálp. Ég sneið allt og hjálpaði konum við að sauma fötin.

Ég saumaði í 25 ár heiman frá mér. Ég tók undir eins lærlinga, stúlkur sem komu í bæinn í formiddagsvist sem kallað var, eða húshjálp fram að hádegi, og komu svo að læra að sauma fram að kvöldmat. Þær fengu ekki borgað fyrir þetta og ég lét þær ekki borga með sér.

Svo kenndi ég í tvo vetur í Húsmæðraskólanum því það vantaði kennara. Það var mjög gaman að kynnast ungu stúlkunum sem þar voru og margar þeirra eru góðar vinkonur enn í dag.“

Brúðkaup í byrjun stríðs

Jana giftist Gústaf Lárussyni og átti með honum tvö börn.

„Ég giftist manni sem var kennari við Gagnfræðaskólann og síðar skólastjóri, Gústaf Lárussyni. Hann var héðan frá Ísafirði. Hann var dálítið eldri en ég, við giftum okkur þegar ég var 21 árs og hann 28 ára. Við eignuðumst tvö börn, Samúel Eggert og Önnu Láru. Þau búa bæði í Reykjavík og eiga þrjú börn hvort. Ég á svo fjórtán langömmubörn svo að ég er rík kona.

Við Gústi giftum okkur árið 1939 og þá hafði verið kreppa frá 1930. Það var því lítið sem hægt var að kaupa. Bæði voru kennaralaunin lág og ég fékk lítið fyrir að sauma. Maður var ekki vanur að hafa mikla peninga svo maður sparaði eins mikið og ráð var. Til dæmis voru miklar spekúleringar um hvaða kökur maður gæti bakað sem þyrftu minnst af eggjum. Allt var skammtað en stríðið byrjaði haustið sem við giftum okkur. Ég var því í vandræðum með að fá sykur í baksturinn. Það voru skömmtunarseðlar fyrir öllu og einn seðillinn var kallaður stofnauki nr. 18 eða 19, að mig minnir. Með þeim seðli gat ég fengið annað hvort kápu eða efni í kjól yfir árið og maðurinn minn gat fengið föt. Það var því erfitt að fá það sem þurfti. Konurnar sem ég var með á saumanámskeiði voru svo góðar að gefa mér sykur og kaffimiða, þær áttu marga krakka en við Gústi vorum enn bara tvö.

Það var svo erfitt að fá föt og það var alltaf verið að víkka og síkka þau. Það kallaðist að venda þegar maður sneri t.d. kápum við og saumaði þær á ný til að nota þær áfram.“

Ýmsar breytingar urðu þegar Jana byrjaði að búa.

„Þegar rafveitan var opnuð var óskað eftir því að húsmæður skiptu út kolaeldavélunum yfir í rafmagnsvélar. Þá komu í Kaupfélagið Rafha-eldavélar sem kostuðu 325 krónur. Maðurinn minn var þá með 150 krónur á mánuði í laun svo þetta var mikill peningur. Öllum var því boðið að kaupa eldavélarnar á afborgunum. Þegar við keyptum vélina okkar þurfti einnig að kaupa potta, en þeir þurftu að vera sléttir að neðan til að nota á þessar vélar. Þeir fengust í Björnsbúð. Með rafmagnsvélunum fylgdi pési um það hvernig átti að sjóða á þeim. Maður átti t.d. að setja pínulítið vatn til að sjóða fisk, láta suðuna koma upp og slökkva. Rafmagnið hélst þá nógu lengi til að sjóða fiskinn.

Þegar maður var að baka þurfti maður að passa að hafa kökur sem setja mátti í kaldan ofn. Við vorum þá með formkökur og þegar þær voru til stungum við inn tertum, til þess að nýta hitann. Úr því að vélin var heit fór maður að brenna kaffi en þá fékkst kaffi bara í baunum. Þegar það var búið var slökkt á ofninum og settar voru inn brauðskorpur til að gera rasp. Þetta gerði maður til að spara rafmagnið.“

Systirin innlyksa í Noregi í stríðinu

Stríðsárin voru bæði erfið og spennandi.

„Það var margt spennandi á stríðsárunum þótt það sé nú ljótt að segja það. Þá mátti ekki auglýsa í útvarpi veðurfréttir eða neitt um skipaferðir. Hér fórust skip og urðu mörg slys.

Þegar Englendingar hertóku landið var reynt að taka alla Þjóðverja sem hér voru. Ég veit að vinkona mín héðan frá Ísafirði, Sigurlaug Jóhannsdóttir, var gift Þjóðverja og ég held að hann hafi verið háttsettur hjá Þjóðverjum í Reykjavík. Hann var strax tekinn. Walter Knauf bjó hér á Ísafirði en kona hans var frá Kaldbak. Þau fóru norður en það var ekki hægt að fela hann fyrir Englendingum þar. Hann var sendur burt og var úti í átta ár. Farið var með Þjóðverjana til Englands og svo var skipt á föngum í stríðinu, þess vegna voru þeir svona lengi en stríðið var í sex ár.

Systir mín var gift Norðmanni, Sverri Tynes, og hún fór til Noregs sumarið 1939 og varð innlyksa þegar Þjóðverjar hernámu Noreg. Hún komst ekki heim til Íslands fyrr en eftir stríð. Við fengum afskaplega litlar fréttir af henni á meðan stríðinu stóð, það var helst eitthvað í gegnum Rauða krossinn. Pabbi dó einmitt þessi ár sem hún var úti og ég man ekki hvort það var nokkuð hvort hægt var að láta hana vita.

Við hjónin kynntumst tveimur Englendingum, sérstaklega öðrum þeirra, en það voru fjórir Englendingar í setuliði hér á Ísafirði. Þetta var prúður og ágætur maður en þeir söknuðu heimkynna sinna. Silli, sonur minn var alltaf kallaður það, var aðeins tveggja ára þegar þetta var og Englendingnum þótti svo gaman að vera í kringum hann. Það var ekki auðvelt fyrir þessa menn að vera svona fjarri heimili sínu.“

Kaupmaður á hverju horni

Aðspurð hvernig Ísafjörður hafi verið í hennar bernsku er það Jönu minnistætt að þar var kaupmaður á hverju horni.

„Það voru alls staðar búðir, fólk hafði bara svo litla peninga til að kaupa. Í bænum var stórt og fallegt hús sem hét Fell á þeim stað sem Stjórnsýsluhúsið stendur nú. Í húsinu var afskaplega fín taubúð sem hét Brjánsverslun og í hinum endanum var sælgætisverslun sem hét Gotteríið. Það var svo gaman að koma þangað. Sælgætið var allt í glerkrúsum uppi á hillum. Svo voru vafin kramarhús og vigtað í þau. Ég man að það voru til tveggja aura stykki, flöt súkkulaðisstykki með punt-sykri ofan á. En það var erfitt að eignast tvíeyring til þess að kaupa sér. Krakkar léku sér oft að því eftir leysingar að

pota með priki að leita að því hvort peningar hefðu dottið niður. En peningar sáust nú ekki mikið, ég held að flestir hafi verið í reikningsverslun og því ekki borgað jafn óðum.

Pabbi var sjómaður og það var ekki alltaf hægt að fá pláss á sjó. Hann var því oft án atvinnu og þá var lítið til heima. Þá var ekkert um tryggingar og atvinnubætur eða neitt svoleiðis. Mamma eignaðist prjónavél mjög snemma og pabbi lærði líka að prjóna. Hann gat því hjálpað til en mamma prjónaði fyrir fólk, en eins og ég sagði áðan fékkst ekkert tilbúið. Pabbi prjónaði líka sjóvettlinga í höndunum."

Sungið í rökkrinu

Jana hóf skólagöngu sína 9 ára gömul.

„Það var ekki skólaskylda eins og hún er núna. Þegar ég byrjaði í skóla voru börn skólaskyld 9 ára en höfðu verið 10 ára áður. Pabbi var þá búinn að kenna mér að lesa og reikna þannig að ég var ekki ólæs þegar ég byrjaði í skóla. Kennararnir í barnaskólanum voru mjög góðir og við krakkarnir litum upp til þeirra. Þegar ég var þrettán ára var ég í efsta bekk og var færð upp ásamt þremur öðrum og var því ári yngri en ég átti að vera þegar ég byrjaði í gagnfræðaskóla.

Við systkinin vorum sjö og við höfðum voðalega gaman af því að syngja. Við fundum ekkert fyrir fátæktinni. Þegar ég flutti yfir á Ísafjörð 5 ára gömul voru ekki komin rafmagnsljós, a.m.k. ekki þar sem ég átti heima. Við vorum því með lampaljós og sparlega þurfti að fara með olíuna. Þegar rökkrið kom vorum við rekin út að leika okkur því það mátti ekki kveikja strax. Ef veðrið var vont söfnuðumst við saman og sungum saman. Við kunnum svo voðalega falleg lög sem við höfðum lært í barnaskólanum. Við lærðum milliraddir og allt við þetta. Þá var nú ekki sjónvarp eða útvarp í boði svo við þurftum að skemmta okkur sjálf.

Á þessum tíma heyrðum maður nánast aldrei í neinu hljóðfæri. Hér var þó bíó og sýndar þöglar myndir, þar var alltaf einhver stúlka sem spilaði undir á píanó. Maður fékk þó sjaldan að fara í bíó þar sem það voru ekki til peningar. Við fórum þó oft á skemmtanir hjá Hjálpræðishernum. Þar var bæði spilað á gítara og mandólín og það var svo gaman að heyra í hljóðfærunum.

Annars voru í bænum kaffihús þar sem spilað var á píanó og maður heyrði aðeins óminn af því. Mamma lærði nú á orgel sem ung stúlka og spilaði á það í Eyrarkirkju í Seyðisfirði en þegar við fluttum á Ísafjörð fórum við í svo litla íbúð að selja þurfti orgelið. Það var ekki keypt nýtt fyrr en eftir átta ár þegar við fluttum í stærri íbúð í Fjarðarstrætinu. Mikið óskaplega var gaman þegar mamma fékk orgelið. Við krakkarnir höfðum svo gaman af því að heyra hana spila. Hún þurfti að æfa sig upp en hún var orðin stirð í höndunum, enda allt þvegið á bretti á þessum tíma. Þá voru ekki til neinar þvottavélar."

Fór sjötug í tónlistarskóla

Fjölskylda Jönu var og er enn mjög músíkölsk.

„Ég spilaði þó ekki á neitt en fór reyndar í tónlistarskóla þegar ég var sjötug. Ég náði ekki neinum hraða þar sem það er erfiðara að ná því eftir að maður er orðinn svona gamall, en ég gat þó lært lögin. Ég átti píanó þar sem dóttir mín var að læra og ákvað að fara í tónlistarskólann þegar ég væri hætt að vinna. Og ég lét verða af því. Ég hafði líka farið um veturtíma í tónfræði hjá Ragnari H. þegar ég var fimmtug. Það var mjög skemmtilegt."

Jana hefur alltaf verið mikið fyrir að syngja.

„Ég hef meira en hálfa ævina verið í kór. Ég gekk í Sunnukórinn þegar ég var 18 ára og var í honum eins lengi og ég gat. Síðan var ég líka í kirkjukórnum. Þegar ég var sjötug fór ég með Sunnukórnum til Ungverjalands í ógleymanlega ferð. Þá var Beata Joó nýkomin til Ísafjarðar og hún stóð fyrir því að við fórum til Szeget, þar sem hún er fædd og uppalin.

Annars fórum við hjónin ekki mikið til útlanda. Við fórum nokkrum sinnum til Noregs og Danmerkur en sólarlandaferðir heilluðu okkur aldrei. Við áttum sumarbústað í skóginum og vorum þar á sumrin. Börnin hafa sérstaklega góðar minningar þaðan. Þarna voru samankomnar heilu fjölskyldurnar en á þessum tíma unnu flestar konur ekki úti og börnin voru ekki á leikskóla eða neitt slíkt þannig að þau höfðu svo marga til að leika við inni í skógi. Við konurnar hittumst líka mjög mikið og þetta var voða skemmtilegt samfélag. Þetta var eins og ein fjölskylda."

Jana hefur alltaf verið félagslynd, auk þess að vera í kór var í til að mynda í bridgefélagi. Hún segir ýmislegt hafa verið gert til skemmtunar á Ísafirði er hún var ung.

„Aðalskemmtunin var að fara á böll. Það voru alltaf böll einu sinni í viku. Þá voru engir barir, fólkið bara dansaði og þeir sem vildu fá sér að drekka voru með flösku á sér, eða vasapelafyllerí eins og það kallaðist.

Fyrst þegar böllin byrjuðu var bara spilað á grammófón. Síðar fóru að koma fram harmónikkuleikarar og síðar maður sem spilaði á píanó. Svo þegar hljómsveitirnar fóru að koma á sjónarsviðið var dýrara á böllin.

Svo voru einnig sett upp leikrit. Eitt sinn settu leikfélagið og kórinn saman upp óperettuna Meyjaskemmuna. Það var mjög skemmtilegt. Það var því ýmislegt gert til skemmtunar."

Að lokum segir Jana að henni finnist hún hafa verið mjög heppin á lífsleiðinni.

„Ekki hafa verið mikil veikindi í mínu lífi og krakkarnir mínir hafa verið hraust. Svo á ég yndisleg barnabörn og barnabarnabörn, og hvað er yndislegra en það," segir hún með bros á vör.

– thelma@bb.is

Yfir tvö hundruð manns starfa við þekkingarsetur á Vestfjörðum

Rúmlega tvö hundruð manns starfa við svokölluð þekkingarsetur á Vestfjörðum og hefur 28% þeirra lokið meistara og/eða doktorsnámi. Þar af eru 58 fastráðnir og 144 verkefnaráðnir. Í fjórðungnum eru 24 starfsstöðvar þekkingarsetra, langstærstur hluti þekkingarsamfélagsins er á Ísafirði með tíu starfsstöðvar og 42 stöðugildi. Þetta kemur fram í áfangaskýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um þekkingarsetur á Íslandi sem tekur til 189 setra um land allt.

Skýrslan sýnir að þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni er margbrotin og einkennist af smáum en fjölbreyttum einingum. Þar segir að áherslan á Vestfjörðum er mest á háskólasetur og náttúrustofu en eins eru sérhæfð þekkingarsetur áberandi. Stoðkerfið, þ.e. atvinnuþróunarfélög, leiðbeiningamiðstöðvar í landbúnaði og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, er samtals með 9,5 stöðugildi á fimm starfsstöðvum.

Heildartekjur þekkingarsetra á Vestfjörðum eru 625,1 milljón og þar af er tilgreint ríkisframlag 395,1 milljón eða 63,2% og framlag sveitarfélaganna 31,4 milljónir eða 5,0%. Hlutur annarra tekna eru 198,5 milljónir eða tæpur þriðjungur af heildartekjum en þar eru mest áberandi framlög frá hinu opinbera.

Þess má geta að heitið „þekkingarsetur“ er í skýrslunni notað sem samheiti yfir alla starfsemi sem lýtur að menntun, rannsóknum og þróun og menningu auk þjónustu og ráðgjafar, þar með talið stoðkerfi atvinnulífsins.

Mikilvægt að auka tengslin

Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra um þekkingarsetur á Íslandi telur ýmis konar háskóla- og rannsóknastarfsemi og tengsl hennar við stoðkerfi atvinnulífsins og fyrirtæki, vera mikilvæga og auka fjölbreytni í atvinnu- og mannlífi. Þá sé menningarstarfsemi einnig afar mikilvæg þar sem menningarleg kjölfesta búi í haginn fyrir nýsköpun, efli framtakssemi í atvinnulífi og geri staði aðlaðandi til búsetu. Þetta kemur fram í skýrslu sem starfshópurinn hefur skilað af sér um þekkingarsetur landsins, en af 189 þekkingarsetrum eru 24 á Vestfjörðum. Á undanförnum árum hafa ýmsir aðilar komið á fót margvíslegum mennta-, menningar- og þekkingar-setrum víðsvegar um landið. Hlutverk setranna eru ólík og eins hefur fjármögnun þeirra verið á mismunandi máta.

Þekkingarsetur eru víða um landið, meðal annars er Náttúrustofa Vestfjarða og Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum í Bolungarvík.

„Ljóst er að um mjög fjölbreytta starfsemi er að ræða með tilheyrandi efnahagslegum og menningarlegum áhrifum á hverju svæði. Þekkingarsetrin voru greind í 19 flokka eftir tegund starfseminnar og kom í ljós að setur eru flokkuð sem sérhæfð þekkingarsetur, menningarstarfsemi, háskólasetur, símenntunarmiðstöðvar og aðilar tengdir stoðkerfi atvinnulífsins eru fyrirferðamest,“ segir í skýrslunni.

Á fundi mennta- og menningarmálaráðherra og Samstarfsnefndar háskólastigsins þann í nóvember var lagt til að gert yrði yfirlit yfir þessa starfsemi á Íslandi, með það að markmiði að kortleggja fjármögnun, skipulag, hlutverk og rekstur þessara ólíku setra. Í framhaldi yrði skoðað nánar með hvaða hætti verði mögulegt að efla og styrkja slíka starfsemi, sérstaklega með auknum tengslum og samstarfi þessara aðila. Jafnframt segir í skilagrein rýnihóps menntamálaráðherra um aðgerðir í háskóla- og vísindamálum frá því í ágúst 2009 segir: „Þekkingarstofnanir um land allt (rannsóknastofnanir, fræða- og háskólasetur og aðrar stofnanir sem stunda eða geta hýst rannsóknir) verði kortlagðar og myndað verði tengslanet með það markmið að koma á öflugu samstarfi við rannsóknir og kennslu og ná þannig verulegum samlegðaráhrifum“.

Starfshópurinn var settur á fót í tengslum við endurskoðun á háskólakerfinu þar sem skoðað er aukið samstarf, verkaskipting og sameining verkefna til að auka skilvirkni og viðhalda gæðum. Með stofnun starfshópsins er mennta- menningarmálaráðuneytið jafnframt að framfylgja stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010 - 2012 en í stefnunni segir: „Á Íslandi er fjöldi háskóla, stofnana, hugvitsmanna og fyrirtækja sem stunda rannsóknir og nýsköpun. Við núverandi aðstæður þarf að nýta sem best þá krafta sem fyrir eru og þá aðstöðu sem byggð hefur verið upp víðsvegar í landinu. Þó samstarf þessara aðila hafi aukist mikið á undanförnum árum verður að leita leiða til að efla það enn frekar“.

– thelma@bb.is

Umferðalagabrotum fjölgar á Vestfjörðum

Umferðalagarbrotum fjölgaði í umdæmi Lögreglunnar á Vestfjörðum í síðasta mánuði. Alls voru skráð 64 brot í mánuðinum samanborið við 49 í sama mánuði á síðasta ári. Árið 2008 voru brotin hins vegar 87 í umdæminu. Hegningarlagabrotum fækkaði hins vegar milli ára. Í ár voru ellefu slík brot skráð í júlí á móti 23 í fyrra og 19 árið 2008. Eitt fíkniefnabrot var skráð hjá Lögreglunni á Vestfjörðum í síðasta mánuði líkt og í fyrra. Árið 2008 voru þau hins vegar fjögur. Hegningarlagabrotum á landinu í heild hefur fækkað en þau voru 1.158 í síðasta mánuði samanborið við 1.350 brot í júlí 2009. Umferðarlagabrotum fjölgaði hins vegar og voru þau 6.433 talsins. Þau hafa ekki verið fleiri síðustu sex árin. Fíkniefnabrot voru alls 202 sem eru rúmlega helmingi fleiri brot en árið á undan en þá voru þau 89.

Í júlí voru flest hegningarlagabrot skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða 839. Hjá lögreglunni á Akureyri voru þau 53 og 52 hjá lögreglunni á Selfossi en hegningarlagabrotum fækkaði um 14% á milli ára. Umferðalagabrotum fjölgaði um 10% á milli ára. Flest voru þau á höfuðborgarsvæðinu eða 2.547 talsins en 1.263 hjá lögreglunni á Selfossi. Hraðakstursbrot eru 80% allra umferðalagabrota en í umdæmum þar sem hraðakstursbrot eru áberandi er hraðamyndavélar að finna. Fíkniefnabrot voru 202 í júlí en árið á undan voru þau 89 og 161 árið 2008. Helmingur brotanna var skráður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða 102 talsins.

Þetta kemur fram í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra fyrir júlí.

– kristjan@bb.is

Íbúum fjölgaði á þremur stöðum

Íbúum á Patreksfirði fjölgaði um ellefu milli ára frá júlí 2009 til júlí 2010 og eru nú 648 talsins. Þetta kemur fram í miðársmannfjöldatölum Hagstofunnar en eins og fram hefur komið fækkaði Vestfirðingum úr 7.445 í 7.331 á tímabilinu. Íbúum fækkaði á flestum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum fyrir utan Suðureyri þar sem fimm íbúar bættust við og er nú íbúatalan orðin 317 og á Drangsnesi þar sem íbúum fjölgaði um þrjá og er því orðnir 74.

Á Ísafirði fækkaði um 37 íbúa milli ára og eru þeir í dag 2.699. Íbúum í Hnífsdal fækkaði um 28 og eru íbútalan þar nú 214, á Tálknafirði fækkaði um þrettán eða niður í 284, á Bíldudal eru íbúar 184 og hefur þeim fækkað um tólf. Í Súðavík fækkaði um átta og eru íbúar 167 talsins og í Bolungarvík hefur þeim fækkað um fimm og eru nú 960. Á Þingeyri fækkað íbúum um fjóra og eru þeir nú 265.

Á Flateyri fækkaði íbúum um þrjá og eru nú 248.Á Reykhólum eru 135 íbúar og hefur þeim fækkað um einn og sömuleiðis fækkaði um einn á Hólmavík og eru þeir nú 379. Íbúum í strjálbýli á Vestfjörðum fækkaði um 20 á milli ára og eru nú 727. Í Bæjarhreppi stóð íbúafjöldi í stað.

Á Ísafirði fækkaði um 37 íbúa milli ára og eru þeir í dag 2.699.

Sprengt berg 67% af steinefnanotkun vegagerðar á Norðvesturssvæði

Mikil aukning hefur orðið á notkun bergs til vegagerðar á síðustu árum. Samkvæmt umhverfisskýrslu Vegagerðarinnar fyrir árið 2007 var sprengt berg um 47% af steinefnanotkun í vegagerð það ár. Þar munar mest um að hlutfall bergs á Suðvesturssvæði var 77% og 67% á Norðvesturssvæði. Á Suðurssvæði var hlutfallið 17% en einungis 4% á Norðaustursvæði. Þetta kemur fram í skýrslu Vegagerðarinnar um notkun bergs til vegagerðar.

„Yfirbygging íslenskra vega hefur löngum verið gerð að miklu leyti úr lausum jarðefnum, oft möl sem að hluta til var mulin og hörpuð, enda víða stutt í námur með lausum setlögum af viðunandi gæðum, miðað við umferð og efniskröfur. Vinnsla steinefnis úr föstu bergi til vegagerðar var lengst af lítil en fór hægt vaxandi á níunda áratug síðustu aldar og var talin vera um 10% af heildarvinnslu steinefna um síðustu aldamót,“ segir í skýrslunni.

Eru tekin nokkur dæmi um uppbyggingu nokkurra vegakafla úr sprengdu bergi og reynslu af þeim. Til aðmynda Vestfjarðaveg um Svínadal en verkið var unnið á árunum 2005-2006. Í gæðaúttekt Árangurs- og eftirlitsdeildar er tekið fram að efnisrannsóknir hafi verið gerðar á klæðingar- og burðarlagsefnum og að efnið hafi staðist kröfur. Í vettvangsskoðun að verki loknu var matið að klæðing líti vel út en að sléttleiki sé á köflum ekki nægilega góður. Þá er einnig tekið sem dæmi vegakaflann frá Reykjanesi að Hörtná á Djúpvegi sem byggður var á árunum 2007-2009.

Undantekningalítið var sett óunnið berg beint upp í hæð efra borðs styrktarlags. Undantekning er fyllingin yfir Reykjarfjörð austan við Reykjarfjarðarbrú. Þar var notað leirkennt efni úr námu ofan við Laufskálaeyri en sú náma var opnuð sérstaklega fyrir þetta verk. Einnig eru stærstu fyllingar ekki að öllu leyti úr bergskæringum, eins og stóra fyllingin á Vatnsfjarðarhálsi. En samt eins farið að þar í efri lögum og sett beint upp í efri mörk styrktarlags. Í skýrslunni segir að á nokkrum stöðum var ekki gætt nægilega að hæð yfirborðs styrktarlags, sem leiddi til 100-150 mm of þykks afréttingarlags. Staðirnir eru á Reykjanesi, Sveinhúsnesi og austanverðum Vatnsfjarðarhálsi.

– thelma@bb.is

Arnarflöt, Súðavík
– heil húseign, tvær íbúðir

Til sölu er öll þessi húseign á fallegum útsýnisstað í Súðavík. Á neðri hæð er 95m² 4ra herbergja íbúð. Góðar innréttingar. Á efri hæð (rishæð) er rúmgóð 80m², 3ja herbergja íbúð með tvennum svölum. Öll eignin er laus strax. Ásett verð á neðri hæð er 8

milljónir króna og á rishæð 6,4 milljónir króna. Upplýsingar í síma 895 2049.

Sundstræti, Ísafirði
– lyftuhús

Til sölu er síðasta nýja íbúðin í þessu fallega lyftuhúsi. Íbúðin er ca. 120m² og stæði fylgir í bílageymslu. Suðursvalir. Til afhendingar strax. Fullbúin en án gólfefna. Áhvílandi ca. 16,8 milljónir króna (ÍLS.lán). Ásett verð kr. 18,9 milljónir.

Upplýsingar í síma 895 2049.

Birta, Freyja, Eva Lind, Melkorka Ýr, Kristín Ósk og Sunna Karen í konungsgarðinum í Þrándheimi. Ljósmyndir: Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir.

Sungu fyrir krónprinsessu Noregs

Stúlkur úr stúlknakór Tónlistarskóla Ísafjarðar og tveir fyrrum félagar kórsins, sem nú eru í kór Menntaskólans á Ísafirði, héldu í kórbúðir í Noregi í lok síðasta mánaðar. Með í för var Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir kórstjóri en hún situr fyrir hönd Íslands í stjórn norrænu kórasamtakanna Norbusang. Fulltrúi Noregs í stjórninni kom að því að kórinn fékk styrk til þess að fara í búðirnar sem eru á vegum norsku þjóðkirkjunnar og fóru fram í Berkåk. Bjarney Ingibjörg sagði okkur frá ferðinni.

„Þetta var alveg rosalega skemmtileg ferð og tókst alveg ofsalega vel í alla staði. Hún er skipulögð af samtökunum Ung Kirkesang. Við vorum aðallega þarna til að syngja og fórum á kóræfingar tvisvar á dag en svo á milli var gert margt skemmtilegt eins og að fara á hestbak, í kanósiglingar, að klifra klifurveggi, í skógarferðir og ýmislegt. Við fórum hins vegar tvisvar til Þrándheims. Í annað skiptið fórum við til þess að taka þátt í upphafi Ólafsvöku sem haldin er þarna á þessum tíma og sungum á stærðarinnar sviði á setningu hátíðarinnar, en hátíðin er haldin til heiðurs Ólafi helga sem innleiddi kristni í Noregi. Við sáum þarna margt skemmtilegt og þar á meðal skrúðgöngu þar sem allir voru í fullum skrúða og klæddir upp eins og á tímum Ólafs helga.

Þarna sungum við fyrir norska mennta- og menningarmálaráðherrann og krónprinsessan Mette-Marit var þarna líka en athöfninni var sjónvarpað í Noregi. Allir krakkarnir í búðunum tóku þátt í þessari athöfn, samtals 70 krakkar, og við vorum síðasta atriðið á þessari setningarathöfn. Tveimur dögum seinna fórum við aftur til

Stjórnlagaþingið

Stakkur skrifar

Stjórnskrá Íslendinga er afar mikilvæg og því miður hverning umræður um hana hafa oft verið með neikvæðum formerkjum um að hún sé gamaldags og ekki í samræmi við óskir fólks. Stjórnarskrá er ólík almennum lögum að því leyti að hún er leiðbeinandi um merkustu drættina í stjórnarfari ríkisins og þar á meðal um réttindi þegnana og samskipti ríkis og þegna. Hún batnar ekki við það að orðalag hennar verði með þeim hætti að allir sem nota sms-mál geti sent skilaboð í anda hennar á þeirri tungu sem þar tíðkast. Með þessu er ekki verið að gera lítið úr þróun íslenskrar tungu hvort heldur er til góðs eða ills. Það er sérstök ástæða til að koma því til skila að hlutverk stjórnarskrár er afar mikið og stórt og henni er tæpast ætlað að taka mið af tískusveiflum í lífi þjóðarinnar.

Þótt hér sé róið á þau mið að undirstrika hversu merkur réttur fólks sem kenndur er við mannréttindi er má engan veginn gleyma því að nútímafólk leggur mjög misjafnan skilning í það hvert innihald þeirra réttinda er. Í sumum tilvikum taka menn sér í munn orðið mannréttindi vegna ýmissa aðstæðna sem ekkert eiga skylt við slík grundvallarréttindi fólks. Hér kann að ráða að tengsl nútímamanna við söguna hafa rofnað og skilningur á því hvers vegna stjórnarskrá Íslendinga er með þeim hætti sen raun ber vitni. Hún á vissulega rætur að rekja til danakonungs, Kristjáns IX., sem færði Íslendingum hana á ágústbyrjun 1874. Stofninn er enn sterkur þó líta megi til breyttra aðstæðna síðustu 136 árin. En breytingar hafa einkum verið gerðar í sambandi við kosningafyrirkomulag, en einnig hefur kafla hennar sem varðar hin mikilvægu mannréttindi verið breytt.

Margar nefndir hafa verið settar á fót til að endurskoða stjórnarskrána, en breytingar hafa fyrst og fremst orðið í þá átt sem hér var nefnd. Við skyldum ekki gleyma því að Bretar eiga ekki skráða stjórnarskrá, en leggja þó mikið upp úr mannréttindum. Nú skal kosið til stjórnlagaþings. Hugmyndin er góð, en hvernig á almennur borgari að geta boðið sig fram til setu og horfið frá brauðstritinu í nokkurn tíma? Hættan er sú að auðvelt verði að skipuleggja með nægu fé og fyrst og fremst eftir leiðum stjórnmálaflokka hverjir eigi raunhæfa möguleika á því að ná kjöri. Þá verður ekki um það að ræða að stjórnlagaþing endurspegli almenn viðhorf. Að minnsta kosti er stór hætta á því. Til hvers er þá barist?

En fyrst og fremst má velta því fyrir sér á tímum nútímavæðingar hvort þeir sem féllu fyrir hugmynd um stjórnlagaþing hafi þarfagreint verkefnið. Ef menn vita ekki hvert á að halda þá verður stefna ekki skýr. Stjórnarskráin er ekki leikfang, síst þeirra sem hafa fé og völd til þess að taka þátt í leiknum. Almenningur kann að sitja hjá.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Fimm skipakomur eftir

Aðeins eiga þrjú skemmtiferðaskip eiga eftir að heimsækja Ísafjörð í sumar. Það eru skipin Silver Cloud, sem kemur tvisvar, Black Watch sem kemur öðru sinni í september og Ms Fram sem á einnig tvær heimsóknir eftir.

Black Watch kemur aftur í heimsókn 10. september og Ms Fram kemur 12. og 22. september. Samtals hafa skipakomur sumarsins verið 24 en þar af eru tvö skip sem aðeins heimsóttu Vigur og komu ekki við á Ísafirði.

smáar

Til sölu er ný og óopnuð Acer Aspire 5740G fartölva. Selst með verulegum afslætti. Uppl. í síma 824 2404.

Til leigu er mjög góð, 2ja herb. ca. 80m² íbúð á eyrinni á Ísafirði í vetur. Stórar svalir. Leigist eð eða án húsgagna. Upplýsingar í síma 867 6657.

Þrándheims og þá byrjuðum við á því að fara í Niðarósdómkirkjuna og taka þar æfingu vegna þess við áttum að syngja í fjölskylduguðsþjónustu í dómkirkjunni, sem er ein stærsta kirkja Noregs. Það var rosalega gaman fyrir krakkana að koma þangað. Svo fengu krakkarnir að fara í vatnsrennibrautagarð og það var víst ferlega skemmtilegt. Svo var alls konar um að vera í búðunum sjálfum, þar var m.a. hægt að baða sig í stöðuvatni og grilla inni í skógi, svo eitthvað sé nefnt. Þetta var mjög fjölbreytt og skemmtilegt.“

– Hvernig kom það til að ísfirskar kórstúlkur fóru í þessar búðir?

„Þetta kom til þannig að ég sit í stjórn norrænna kórasamtaka sem heita Norbusang. Með mér í þessari stjórn er framkvæmdastjóri Ung Kirkesang sem heitir Nils Hilde. Hann var að kynna þessar skólabúðir á einum fundinum og mér fannst þetta eitthvað svo spennandi þar sem það er ekkert svona á Íslandi fyrir krakka sem að vilja fara og syngja í bland við alls konar útivist og skemmtilegheit. Ég nefndi við hann að það væri gaman að koma og sjá hvernig þau gera þetta, ég myndi þá kannski koma og vera fluga á vegg.

Hann tók mig þannig á orðinu að hann fór og fékk norrænan styrk og sendi mér bara tölvupóst þar sem mér var bara boðið að koma til Noregs og taka með mér níu söngvara og það yrði allt borgað fyrir okkur. Það eina sem við þurftum að borga var farið suður til Reykjavíkur. Við eyddum t.d. síðasta deginum í Osló en við tókum næturlest þangað og eyddum þar heilum degi. Það var búið að redda okkur gistiheimili sem var allt hið glæsilegasta, með flatskjá og eldhúsi og öllu, maður varð eiginlega bara hálffeiminn.

Þetta gekk allt virkilega vel og stelpurnar okkar voru sjálfum sér og okkur til mikils sóma. Kórstjórarnir sem voru í búðunum voru ekki af verri endanum. Önnur er kórstjóri norsku óperunnar og svo voru hjón frá Kristianssandi, hann er organisti kirkjunnar þar og hún er kórstjóri. Allir kórstjórarnir höfðu orð á því hvað stelpurnar væru flottar. Þær fengu mikið hrós og voru duglegar, áhugasamar og stóðu sig með prýði.“

– Það hafa þá myndast tengsl í búðunum?

„Já, það mynduðust mikil tengsl og aldrei að vita hvað verður úr því. Til dæmis kynntist ég kórstjóra norsku óperunnar mjög vel og við vorum farnar að tala saman um að gera hitt og þetta. Maður veit aldrei hvað svona tengsl hafa með í för með sér. Þetta vakti mikla athygli og það var t.d. opna í héraðsblaðinu um búðirnar og alla kórana. Þetta var svo sannarlega mikið ævintýri.“

Krakkarnir í kórsumarbúðunum fyrir framan Niðarósdómkirkjuna daginn sem við sungum á opnun Ólafsvökunnar.

Allur hópurinn syngur við fjölskylduguðsþjónustu í Niðarósdómkirkjunni.

Alúðarþakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur vináttu og vottuðu samúð sína við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Mörthu Árnadóttur

Hlíf II, Ísafirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði fyrir einstaklega góða umönnun þessa síðustu mánuði.

Sigurður Jónsson

Árni Sigurðsson Guðrún Halldórsdóttir

Jón Ólafur Sigurðsson Jóhanna Oddsdóttir

Málfríður Þórunn Sigurðardóttir

Þórhildur Sigrún Sigurðardóttir Guðmundur Hafsteinsson

barnabörn, barnabarnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Kenndi ensku í Kína



Kristín í Peking fyrir framan forboðnu borgina, áður en hún fór til Sichuan héraðs.

Bolvíkingurinn Kristín Ketilsdóttir er komin til stuttrar dvalar heim til Íslands eftir ársdvöl í Kína. Þar eyddi hún þremur mánuðum í ferðalög um landið og kenndi síðan kínverskum ungmennum ensku. Kenndi hún um á annað þúsund unglingum á viku og segir kínverska skólakerfið mjög ólíkt því sem við þekkjum á Íslandi.

Kristín segir að Kína sé eins og annað heimaland hennar.

„Ég hef farið reglulega út til Kína frá því að ég var 15 ára en pabbi fluttist þangað árið 2000. Ári seinna fluttist öll fjölskyldan út og bjó þar um tíma og nú lít ég á Kína sem mitt annað heimaland. Ég fór í júní í fyrra ásamt vini mínum og við ferðuðumst um landið í þrjá mánuði. Við fórum víða og í gegnum tíðina hef ég heimsótt flest héruð landsins. Þegar ferðalaginu lauk var ég ekki tilbúin að fara strax heim. Ég var í Peking og fann á netinu fyrirtæki í Chengdu, höfuðborg Sichuan-héraðs, sem var að leita eftir enskukennurum. Ég sendi inn umsókn og daginn eftir var haft samband og ég beðin um að byrja strax. Það vantar alltaf enskukennara í Kína.

Síðasta haust var mér boðin staða í Langzhong, sem er á kínverskan mælikvarða róleg sveitaborg. Þar búa 860.000 manns sem þykir nú ekki mikið þar á bæ. Þetta var eiginlega eins og kínversk útgáfa af Bolungarvík því viðmót fólksins var svo vingjarnlegt og rólegt. Loftið var hreint og maturinn góður. Mér fannst yndislegt að vera þarna og borgin átti mjög vel við mig.

Lengst af var ég eini útlendingurinn sem bjó í borginni og vakti því óskipta athygli, ekki síst vegna þess hvað ég er hávaxin en fólkið á þessum slóðum er ekki sérlega hátt í loftinu.

Ég komst að því seinna að nokkrir krakkar höfðu það fyrir sið að elta mig heim úr skólanum og setjast í anddyrið þar sem ég bjó til að sjá mig ganga inn og út úr byggingunni. Foreldrarnir skildu ekki hvað var í gangi þegar börnin skiluðu sér ekki heim fyrr en um miðnætti. Þá sátu þau og biðu eftir að sjá útlendinginn. Mér fannst það frekar fyndið.“

1300 nemendur á viku

– Hvernig fór kennslan fram? Talarðu reiprennandi kínversku?

„Nei, ég get alveg bjargað mér á kínversku en er ekki orðin það fær í tungumálinu að ég geti rökrætt við fólk. En í skólanum var það aldrei vandamál.

Ég kenndi 17 ára krökkum og var með 1300 nemendur á viku. Bekkirnir voru misfjölmennir eftir því hvar krakkarnir voru staddir í náminu. Fjölmennasti bekkurinn taldi yfir 70 nemendur en flestir voru um 60. Það var því ekki um að ræða að sinna hverjum einstaklingi eins og mann langaði til. Það var oft erfitt því mig langaði svo sannarlega að vera til staðar fyrir hvern nemanda.

Skólakerfið er mjög ólíkt því sem Íslendingar þekkja. Skólinn er frá kl. 7 á morgnana til kl. 9:30 á kvöldin. Börnin fá hádegis- og kvöldmatarhlé en að öðru leyti fer allur dagurinn í námið. Þau eru líka í skóla um helgar og eina fríið eru nokkrir klukkutímar eftir hádegi á sunnudögum. Svona er þetta þar til þau eru orðin 18 ára og óneitanlega hefur þetta þau áhrif að þau virðast öll steypt í sama mót. Börnin úr nágrenninu búa á heimavist þar sem það tekur því ekki fyrir þau að fara heim á kvöldin. Heimavistin er á skólalóðinni og nemendurnir sem dvelja þar fá aldrei að fara út fyrir lóðarmörkin nema í sunnudagsfríinu. Þeir fá ekki einu sinni að skreppa á veitingastað hinum megin við götuna.

Kennararnir mæta eldsnemma á morgnanna og eru að fram á kvöld. Þeirra frítími er mjög takmarkaður þar sem þeir kenna á kvöldin og um helgar, svo þetta er mikið álag á alla.

Þetta átti þó ekki við um mig. Ég hafði undanþágu frá öllum þessum reglum. Til dæmis kenndi ég oft á kvöldin síðustu þrjá tímana þó ég þyrfti þess ekki, svona til að gefa þeim smá tilbreytingu. Það vakti mikla lukku, bæði hjá krökkunum sem trufluðust af gleði þegar ég birtist og eins hjá kennurunum sem fengu þá smá pásu. Í þessum tímum leyfði ég þeim að horfa á kvikmynd, spilaði á gítar eða fór með þeim út í ping pong.“

Tónlistarnám forréttindi

– Þannig að það er greinilega mun meiri agi en við eigum að venjast hér á norðurhjara veraldar?

Já, það er agi en samt enginn heragi eins og margir virðast halda. Ég upplifði það allavega ekki þannig þó vissulega væri meiri agi en þekkist hér heima. Í skólanum voru 7000 nemendur á aldrinum 12-18 ára.

Maður sá þegar nemendur á aldrinum 12-15 ára skiluðu ekki heimaverkefnum sínum á réttum tíma eða voru óþægir, að þeir voru slegnir með reglustiku á fingurna. Ég sá nú aldrei neitt alvarlegra en það en ég veit að refsingarnar geta verið harkalegri. Ég spurði samkennara minn einu sinni hvort það ætti við um mína nemendur og hann svaraði um leið að nei, þeir væru orðnir of sterkir (17 ára). Ég hugsaði um leið að já, þá er það í lagi á meðan þeir eru of litlir til að geta lamið frá sér.

Sjálf er ég ekki hlynnt þessu skólakerfi þar sem mér finnst það ekki ýta undir einstaklingsframtakið og skapandi hugsun. En á móti kemur að þetta er ofboðslega fjölmennt land og það er erfitt að leyfa einstaklingnum að njóta sín í 70 manna bekk. Ég tala ekki um þegar bekkirnir eru orðnir stærri en það.

Ég kynntist stelpu sem langaði svo mikið til að læra á gítar, en allt nám utan kerfisins eru mikil forréttindi þarna úti. Ekki vegna þess að það sé svo dýrt, heldur af því að það gefst einfaldlega enginn tími til að sinna því. Hún tók matartímann sinn í gítarnámið.

Rétt er að taka þó fram að Kínverjar eru að leita ýmissa leiða til að breyta skólakerfinu hjá sér. Það var til að mynda ástæða fyrir því að ég var fengin til að kenna þarna og kennarar hafa verið beðnir um að hvetja nemendurna til sjálfstæðra vinnubragða. Þetta tekur bara allt tíma og þá sérstaklega þegar kerfið er jafn ótrúlega stórt og þarna úti.“

Snýr aftur til Kína í haust

Kristín hafði frjálsar hendur í kennslunni.

„Í tímunum reyndi ég að vekja áhuga þeirra á því að læra ensku. Ég mátti styðjast við textabók en það var ekki skylda svo ég reyndi að fara í leiki og syngja lög með þeim. Ég hvatti þau með því að gera námið skemmtilegt og sýna þeim hvernig það myndi gagnast þeim að læra tungumálið. Ég sat aldrei tíma hjá öðrum kennurum svo ég veit ekki hvernig þeir voru, en ég veit að tímarnir mínir voru frjálslegri og krökkunum leið vel í tímum og sýndu mikinn áhuga svo mér fannst ég ná góðum árangri með þau.

Nemendurnir eru því sem næst allir einkabörn og það er ekki bara krafa foreldranna að þau standi sig vel heldur krefst skólinn þess líka af þeim. Maður kemst ekki í háskóla nema að vera með toppeinkunnir og því er mikilvægt að þau standi sig vel frá upphafi.

Ég hreinlega dáist að dugnaðinum í þessum krökkum og skil eiginlega ekki hvernig þau fara að þessu.“

Kristín snýr aftur til Kína í september.

„Þá verð ég ekki lengur að kenna úti í sveit heldur í stórborg sem heitir Shenzhen og er á landamærunum við Hong Kong. Hún er vestrænni en aðrar borgir í Kína og ég hlakka til vetrarins.“

– thelma@bb.is

Á afmælisdaginn gaf skólastjórinn Kristínu blómvönd.

Sælkerinn

Þriggja rétta máltíð

Sælkeri vikunnar býður upp á þriggja rétta máltíð. Í forrétt er einfaldur og ljúffengur humarréttur. Í aðalrétt er kjúklingaréttur með grillívafi og eftirrétturinn er klassískur og íslenskur.

Forréttur fyrir fjóra

400 g humar í skel
150gr smjör
1dl sítrónusafi
3 hvítlauksrif (má vera meira)
2 msk steinselja söxuð

Smjörið er brætt í potti og látið malla við vægan hita ásamt hvítlauk (söxuðum) og steinselju. Potturinn tekinn af og sítrónusafinn settur út í. Humarinn er penslaður með blöndunni og grillaður í c.a 3.mín. Borið fram með snittubrauði og restinni af hvítlaukssmjörblöndunni.

Aðalréttur fyrir fjóra

4 kjúklingabringur sneiddar í bita
BBQ grillolía hellt yfir bitana og látið standa í c.a. 3 klst.
1 box sveppir steiktir fyrst og teknir af pönnunni.

Kjúklingurinn er steiktur í grillolíunni síðan er bætt út í 2 msk Hunt´s Honey Mustard barbecue sauce, ¼ af matreiðslurjóma og sveppunum að lokum. Látið malla í 15 mín. Borið fram með hrísgrjónum, brauði og fersku salati.

Eftirréttur

Fersk ber og rjómi. Verði ykkur að góðu.

Sælkeri vikunnar er Hólmfríður Guðjónsdóttir í Bolungarvík.

Frá malbikun í Sólgötu á dögunum.

Frekari malbikun frestað um ár

Stjórnendur Ísafjarðarbæjar hafa ákveðið að fresta frekari malbikunarframkvæmdum í sveitarfélaginu um eitt ár. Í bréfi frá Jóhanni Birki Helgasyni, bæjartæknifræðingi, sem lagt var fyrir bæjarráð, er gerð grein fyrir því að malbikunarfyrirtækið Hlaðbær Colas vilji koma aftur á næsta ári og þess vegna er að mati bæjartæknifræðings rétt að fara ekki í frekari malbikunarframkvæmdir í ár en hann hafði óskað eftir að fá heimild til að malbika meira í ár en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og greiðsla félli til á árinu 2011.

Var ákveðið að það yrði betri lausn að undirbúa malbikunarframkvæmdir næsta árs við fjárhagsáætlunarvinnu ársins 2011. Þá greindi bæjartæknifræðingur frá því að búið er að ræða við fyrirtæki og stofnanir sem vilja taka þátt í þessu verkefni á næsta ári.

Ísafjarðarbær áætlar að verja 20 milljónum króna í malbikun gatna í sveitarfélaginu í ár en fram kom í bréfi bæjartæknifræðings í júlí að götur í sveitarfélaginu væru víða í slæmu ásigkomulagi. Áætlað er að Hlaðbær Colas ehf., leggi 16-17 þúsund tonn af malbiki á norðanverðum Vestfjörðum í sumar.

BÍ/Bolungarvík lagði Hött

BÍ/Bolungarvík sigraði Hött með þremur mörkum gegn engu í leik liðanna á Skeiðisvelli í Bolungarvík á laugardag. Hafþór Atli Agnarsson skoraði fyrsta mark heimamanna í byrjun leiks en að öðru leyti var fyrri hálfleikur að mestu tíðindalaus en bæði lið fengu nokkur tækifæri til að setja knöttinn í netið.

Í seinni hálfleik fékk leikmaður Hattar að líta sitt annað gula spjald og þar með rauða spjaldið. Tóku heimamenn þá leikinn í sínar hendur og Andri Rúnar Bjarnason bætti við marki fyrir heimamenn um tíu mínútum fyrir leikslok. Jónmundur Grétarsson skoraði síðan þriðja mark BÍ/Bolungarvík nokkrum mínútum seinna.

Með sigrinum styrkti liðið stöðu sína í deildinni til muna. Liðið er sem fyrr í öðru sæti, nú með 41 stig eftir 18 leiki. Níu stigum á undan Hetti sem vermir þriðja sætið.

– kristjan@bb.is



300 nemendur í MI

Rúmlega 300 nemendur verða við nám í dagskóla við Menntaskólann á Ísafirði á haustönn. Er það svipaður fjöldi og í fyrra að sögn Hildar Halldórsdóttur, aðstoðarskólameistara. Hún segir aðsókn á brautir skólans skiptast svipað og venjulega en í heildina séu flestir nemendur skólans á félagsfræðibraut.

Þá er einnig góð aðsókn í verknám við skólann en tekið er inn á sjúkraliðabraut, grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina, grunnnám málmiðnar og í vélstjórnarnám. Aðspurð um hvernig gengið hafi að manna allar lausar stöður við skólann segir Hildur það gengið vel og lítil velta sé á kennurum í ár. Kennsla hófst í skólanum í dag.

Nokkur orð frá Vá Vesthópnum til foreldra

Oft hafa foreldrar haft samband við meðlimi Vá Vesthópsins með spurningar um uppeldi. Í sumum tilvikum er um að ræða spurningar foreldra þar sem börn þeirra hafa misstigið sig og er þá gjarnan leitað ráða. Í þessu sambandi langar Vá Vesthópinn til að minna foreldra á eftirfarandi

Mistök geta allir gert

Ekkert foreldri ætti að leysa barn sitt undan því að takast á við afleiðingar mistaka sinna. Heldur að styðja barnið við það að axla ábyrgð og læra af mistökunum sínum, sem og annarra. Þannig þroskast barnið eðlilega og getur loks staðið styrkum fótum á heiðarlegan hátt, orðið sjálfstæður og öruggur einstaklingur. Þetta er í raun skýr skylda okkar uppalenda.

Vá Vest
vímuvarnarstefna

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 51042 08/10

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Þú safnar frá 1.800 Vildarpunktum.
FRANKFURT
FRÁ 20.500 KR.

Þú safnar frá 1.500 Vildarpunktum.
STOKKHÓLMUR
FRÁ 18.600 KR.

FRÁ 30.800 KR.
BOSTON
Þú safnar frá 2.100 Vildarpunktum.

Þú safnar frá 1.800 Vildarpunktum.
AMSTERDAM
FRÁ 20.500 KR.

Þú safnar frá 1.500 Vildarpunktum.
GLASGOW
FRÁ 18.100 KR.

Hvert á að fara í vetur? Við höfum góð svör við því. Veldu úr allt að 39 freistandi áfangastöðum okkar á icelandair.is og þú finnur rétta svarið fyrir þig.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallarskattar aðra leiðina.